





Lykilmynd sem ýnir hvar breytingar verða (okt. 2020)

## BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf (mál nr. 20-259) í október 2020 fyrir Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Hvanneyrarbraut 37-39, Siglufirði. Um er ræða breytingar á 2. hæð (norðvesturhluti) og 3.h. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum (gr. 9.2.2. liður b). Ekki er um að ræða frekari brunavarnaskýrslu.

### Flokkun og notkun byggingar

Byggingin er í notkunarflokki 5 skv. byggingarreglugerð.

### Brunahólfun

Hvert íbúðarherbergi er sér brunahólf. Hurðir á herbergjum skulu vera a.m.k. EI30-S.
Frávik og rökstuðningur: Þar sem báðar þessar hæðir, 2. hæð (norðvesturhluti) og 3. hæð, verða varðar með sjálfvirku vatnsúðakerfi telst ásættanlegt að sleppa hurðapumpum á herbergjum (C).
Gangur við gistiherbergi ásamt borðstofum, salernum, geymslum og ræstingum á 3. hæð er eitt brunahólf.
Frávik og rökstuðningur: Þar sem 3. hæð verður öll varin með sjálfvirku vatnsúðakerfi telst ásættanlegt að borðstofur, geymslur og ræstiherbergi á 3. hæð séu í sama brunahólfi og gangar. Sama gildir fyrir leikfimisal á 2. hæð.
Stigahús og lyfta ásamt lyftuvél er sér brunahólf.
Inntaksrými fyrir vatnsúðakerfi eru sér brunahólf og utangengt.
Lóðréttir lagnastokkar verða sér brunahólf, a.m.k. EI60.
Loftræsirými verður sér brunahólf með a.m.k. EI60-CS hurð inn í stigahús.

### Burðarvirki

Hæðaskil eru talin a.m.k. REI90.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R90.

### Klæðningar

Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar eru almennt í flokki 1 (K10 B,s1-dO) og gólfefni í flokki G (Dfl-s1).
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Upphengd loft verða a.m.k. B,s1-dO.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

### Flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 25 m í næsta útgang.
Frá göngum eru tvær óháðar flóttaleiðir inn í sitt hvort stigahúsið.
Frá annarri hæð er auk þess flóttaleið yfir í næstu álmu.
Flóttahurðir skulu búnar neyðarhúnum eða “push pad”.
Gerð skal rýmingaráætlun fyrir starfsemina sem tilgreinir viðbrögð við eldboði og hlutverk starfsmanna í rýmingu. Rýming er inn í stigahús en auk þess milli álma á 2. hæð.

### Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi er í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum HMS.
Blikkljós skulu sett á viðeigandi staði á ganga fyrir heyrnardaufa. Stjórnstöð og yfirlitsmynd er í vaktherbergi 2. hæð en útstöð og yfirlitsmynd við aðalinngang. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

### Loftræsikerfi

Loftræsikerfi skulu vera skv. DS428.
Settar verða brunalokur (a.m.k. E30-S) í brunaskil. Þær skulu lokast við staðfest boð frá brunaviðvörunarkerfi. Þær skulu tengdar við prófunarstöð skv. DS428.

### Slökkvikerfi

Sjálfvirkt vatnsúðakerfi verður sett upp á alla 3. hæðina og norðvesturhluta 2. hæðar skv. ÍST EN 12845. Áhættuflokkur er OH1. Úðahausar eru af gerðinni „quick response“.
Stjórnbúnaður verður í sér brunahólfi í tæknirými sem er aðgengilegt utanfrá.

### Reyklosun

Reykræsing er almennt um glugga og dyr.

### Slökkvitæki

Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu staðsett skv. teikningum, t.d. 6 L léttvatn og 5 kg kolsýra í inntaksrými og við rafmagnstöflur. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.
Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

### Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á göngum, 5 lux í stigahúsum en 0,5 lux í borðstofum og salernum.

### Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu).
Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Heilbrigðisstofnun Norðurlands.


Sjá aðrar skýringar o.fl. á teikn. nr. 0.02



www.brunahonnun.com Hagkvæmar lausnir
BRUNAHÖNNUN 20 ára reynsla
Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson gn=Gunnar H Kristjansson c=IS Iceland l=IS Iceland o=Brunahönnun slf. e=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I am the author of this document
Location:
Date: 2020-10-14 17:10Z



HH
HELGI HAFLIÐASON, ARKITEKT FAÍ
STUÐLASELI 44, 109 REYKJAVÍK sími: 896 2149
kt. 020341-2979, netfang: helgiha@simnet.is


| | |
|---|---|
| VERK | VERKNR. |
| HVANNEYRARBRAUT 37-39<br>HSN - breytingar innanhúss | 2015 |
| HEITI | TEIKN. NR. |
| Grunnmynd 2. hæðar | 0.03 |
| KVARÐI | DAGS. |
| 1:100 (blaðstærð A1) | 8. okt. 2020 |